



KLAPPIR

Klappir Grænar Lausnir hf.

Ársreikningur samstæðunnar
2019

Klappir Grænar Lausnir hf.
Austurstræti 17
101 Reykjavík

Kt. 630914-1080

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Lykiltölur	7
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Félagið var stofnað í september 2014 og er tilgangur félagsins þróun og hönnun á hugbúnaði og stjórnbúnaði, þjónusta, ráðgjöf og nauðsynleg starfsemi þessu tengd. Ennfremur rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Ársreikningur Klappa Grænna Lausna hf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess Datadrive ehf., Heilsumats ehf. og Klappir International Ltd.

Rekstartekjur samstæðunnar samkvæmt rekstrarreikningi námu 312,0 millj. kr. Tap varð á rekstri samstæðunnar árið 2019 að fjárhæð 149,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 490,6 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 357,5 millj. kr. og er eigið fé sem hlutfall af heildareignum 72,9%.

Á árinu sameinaðist Klappir Grænar Lausnir ehf. félaginu Stika ehf. miðaðist samrunin við 1.1.2019 sjá nánar skýringu nr. 25.

Hlutfé félagsins nam 134,0 millj kr. í árslok 2019. Hlutfé félagsins skiptist í tvo flokka, A og B flokk, sjá nánar skýringu 19. Í lok ársins voru hluthafar félagsins 308 talsins og fækkaði þeim um 8 frá ársbyrjun 2019. Tíu stærstu hluthafarnir voru eftirfarandi í lok árs:

	A hlutir	B hlutir	Atkvæðaréttur
Kvistar eignarhaldsfélag ehf.	48.275.375	18.773.950	96,55%
E-ASK ehf.	0	10.010.000	0,00%
Sindrandi ehf.		9.800.000	0,00%
GEVA ehf.	0	9.000.000	0,00%
Pund ehf.	0	5.000.000	0,00%
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	0	3.619.579	0,00%
Eyktarsalir ehf.	200.000	2.845.350	0,40%
Kjalvegur ehf.	0	3.000.000	0,00%
Stey ehf.	0	3.000.000	0,00%
Svana Helen Björnsdóttir		2.389.947	0,00%
Aðrir hluthafar (298)	1.524.625	16.587.835	3,05%
	<u>50.000.000</u>	<u>84.026.661</u>	<u>100,00%</u>

Stjórnarhættir

Stjórn Klappa Grænna Lausna hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ gefnar út af Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint sem og verksvið gagnvart forstjóra. Í reglunum má einnig finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Hlutfall kynja í stjórn félagsins eru þrjár konur (60%) og tveir karlar (40%).

Samfélagsleg ábyrgð

Stjórn vísar á frekari umfjöllun um Samfélagskýrsla (e. Sustainability Report) og samfélagsuppgjör (e. Sustainability Statement) á heimasíðu félagsins www.klappir.is.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra, frh.:

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2019 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2019.

Stjórn og forstjóri Klappa Grænna Lausna hf. hafa í dag rætt ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 17. mars 2020.

Í stjórn félagsins:

Ágúst Sindri Karlsson
Linda Björk Ólafsdóttir
Hildur Jónsdóttir
Hildur Hauksdóttir
Geir Valur Ágústsson

Forstjóri:
Jón Ágúst Þorsteinsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og hluthafar Klappa Grænna Lausna hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Klappa grænna lausna hf. („samstæðan“) fyrir árið 2019. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2019 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóri að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Óflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 17. mars 2020.

KPMG ehf.

Matthías Þór Óskarsson

Lykiltölur

	2019	2018
Rekstrarreikningur		
Rekstartekjur	311.980.349	242.386.450
(Tap) hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA)	(39.910.518)	33.751.392
Tap ársins	(149.663.374)	(8.426.270)
Tap í hlutfalli af rekstartekjum	(48,0%)	(3,5%)
Arðsemi eigin fjár	(49,2%)	(3,3%)
EBITDA - hlutfall	(12,8%)	13,9%
Arðsemi heildareigna	(35,9%)	(2,4%)
	31.12.2019	31.12.2018
Efnahagsreikningur		
Heildareignir	490.576.373	342.933.946
Eigið fé hluthafa móðurfélags	357.498.979	251.017.766
Skuldir samtals	133.077.394	91.916.180
Eigið fé og skuldir samtals	490.576.373	342.933.946
Veltufjórhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	2,8	4,7
Eiginfjórhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn	72,9%	73,2%
Innra virði hlutfjár - eigið fé / hlutfé	2,7	2,2

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Sala		214.115.133	166.268.507
Aðrar tekjur	11	97.865.216	76.117.943
		<u>311.980.349</u>	<u>242.386.450</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	12	211.870.441	115.261.315
Annar rekstarkostnaður		140.020.426	93.373.743
		<u>351.890.867</u>	<u>208.635.058</u>
(Tap) hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og tekjuskatt (EBITDA)	(39.910.518)	33.751.392
Afskriftir og niðurfærsla	14, 15	(76.449.205)	(32.153.910)
Rekstrar(tap) -hagnaður	(116.359.723)	1.597.482
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		1.322.449	753.102
Vaxtagjöld	(7.706.142)	(5.538.788)
Gengismunur		103.160	(167.829)
		<u>(6.280.533)</u>	<u>(4.953.515)</u>
Áhrif dótturfélaga	16	(27.023.118)	(5.070.237)
Tap ársins	20	<u>(149.663.374)</u>	<u>(8.426.270)</u>
Tap skiptist þannig:			
Hluthafar móðurfélags	(149.663.374)	(8.426.270)
Minnihluti í dótturfélagi		0	0
Tap ársins	20	<u>(149.663.374)</u>	<u>(8.426.270)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Óefnislegar eignir	14	274.083.421	213.422.358
Rekstarfjármunir	15	3.650.000	2.342.801
Skatteign	17	21.320.520	0
Fastafjármunir		<u>299.053.941</u>	<u>215.765.159</u>
Viðskiptakröfur		59.227.993	65.970.918
Krafa á tengda aðila	22	0	7.649.970
Aðrar skammtímakröfur	18	69.968.410	49.172.650
Handbært fé		62.326.029	4.375.249
Veltufjármunir		<u>191.522.432</u>	<u>127.168.787</u>
Eignir samtals		<u>490.576.373</u>	<u>342.933.946</u>
Eigið fé			
Hlutafé	19	134.026.661	116.500.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		405.450.755	228.567.473
Bundið eigið fé		101.921.114	55.673.226
Ójafnað eigið fé	20	(283.899.551)	(149.722.933)
Eigið fé samtals		<u>357.498.979</u>	<u>251.017.766</u>
Skuldir			
Langtímalán	21	0	15.000.000
Langtímalán við tengda aðila	22	65.000.000	50.000.000
Langtímaskuldir		<u>65.000.000</u>	<u>65.000.000</u>
Viðskiptaskuldir		27.517.701	4.929.005
Skuldir við tengda aðila	22	1.859.661	0
Aðrar skammtímaskuldir		38.700.032	21.987.175
Skammtímaskuldir		<u>68.077.394</u>	<u>26.916.180</u>
Skuldir samtals		<u>133.077.394</u>	<u>91.916.180</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>490.576.373</u>	<u>342.933.946</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Klappir Grænar Lausnir hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Datadrive ehf. Heilsumats ehf. og Klappir International Ltd. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, svo og upplýsingar í skýringum. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

2. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Leigutekjur af fastafjármunum eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Afslættir sem eru veittir eru færðir með sama hætti. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem þjónustan er veitt. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Tekjur af verkum í vinnslu eru færðar miðað við verkstöðu þeirra í árslok. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Viðskiptavild sem myndast annars vegar við kaup á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum svarar til mismunar á upphaflegu kaupverði eignarhlutans og hlutdeild í hreinni eign félags á kaupdegi hins vegar og með kaupum á rekstri. Hrein eign innifelur bókfært eigið fé félags, ef við á endurmat bókfærðra eigna og skulda og virði eigna og skulda sem ekki eru bókfærðar í reikningsskilum félagsins. Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Viðskiptavild er færð niður á 10 árum. Aðrar óefnislegar eignir félagsins eru hugbúnaður sem er færður niður á 5 árum.

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisýrnum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Rekstrarfjármunir eru færðir niður á 5 árum.

6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Fárfestingar samstæðunnar í hlutabréfum eru bókfærðar á markaðsverði þar sem það liggur fyrir annars kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði.

7. Birgðir

Birgðir samstæðunnar samanstanda af vörum til endursölu. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar niður um til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

9. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

10. Skatteign

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en reikningsskilunum.

Reiknuð skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

11. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig

	2019	2018
Skattaívilnun Rannís	82.283.659	37.681.977
Móttæknir styrkir	15.581.557	38.435.966
	<u>97.865.216</u>	<u>76.117.943</u>

12. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	193.572.824	126.986.953
Áfallið orlof breyting	(2.373.239)	3.893.468
Launatengd gjöld	46.460.221	29.558.616
Samtals	237.659.806	160.439.037
Eignfærð laun	(25.789.365)	(45.177.722)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>211.870.441</u>	<u>115.261.315</u>
Meðalfjöldi ársverka	32	16

Laun til forstjóra námu 9,3 millj. kr. (2018: 8,7 millj. kr.) engin laun voru greidd fyrir stjórnarsetu á árinu 2019 né 2018.

13. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Virkt skatthlutfall	2019	2018
Tap fyrir tekjuskatt	(149.663.374)	(8.426.270)
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	(20,0%) 29.932.675	(20,0%) 1.685.254
Óskattskyldar tekjur	(11,7%) 17.488.306	(89,4%) 7.536.395
Ófrádráttarbær kostnaður	11,9% (17.751.669)	12,1% (1.017.467)
Niðurfærsla skatteignar	19,8% (29.669.312)	97,4% (8.204.182)
Virkur tekjuskattur	<u>0,0% (0)</u>	<u>0,0% 0</u>

Skýringar, frh.:

14. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2019	187.313.002	83.895.852	271.208.854
Yfirtekið á árinu	0	115.985.974	115.985.974
Eignfært á árinu		20.631.493	20.631.493
Heildarverð 31.12.2019	187.313.002	220.513.319	407.826.321
Niðurfært 1.1.2019	37.329.064	20.457.432	57.786.496
Niðurfært á árinu	18.513.062	57.443.342	75.956.404
Niðurfært 31.12.2019	55.842.126	77.900.774	133.742.900
Bókfært verð 1.1.2019	149.983.938	63.438.420	213.422.358
Bókfært verð 31.12.2019	131.470.876	142.612.545	274.083.421
Niðurfærsluhlutfall	10,0%	20,0%	

Síðustu árin hefur samstæðan unnið að þróun á hugbúnaðar og hefur stærsti hluti kostnaður vegna þróunarinnar, sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstarkostnaði, verið gjaldfærður í rekstarreikningi. Til samræmis hafa styrkir verið tekjufærðir á meðal annarra tekna í rekstarreikning. Á árinu nemur eignfærður þróunarkostnaður hugbúnaðar að frádregnum hlutdeild í áætlaðri endurgreiðslu vegna skattaávilununar Rannís 20,6 millj. kr.

Þróunarkostnaður vegna hugbúnaðar að fjárhæð 115,4 millj. kr. var færður inn með samruna við Stika ehf. samrunin miðaðist við 1.1.2019. Þróunarkostnaður að fjárhæð 0,5 millj. kr. var yfirtekinn með kaupum á Heilsumati ehf.

15. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Tölvubúnaður	
Heildarverð 1.1.2019		3.346.859
Viðbót á árinu		1.800.000
Heildarverð 31.12.2019		5.146.859
Afskrifað samtals 1.1.2019		1.004.058
Afskrifað á árinu		492.801
Afskrifað samtals 31.12.2019		1.496.859
Bókfært verð 31.12.2019		3.650.000
Afskriftarhlutfall		20,0%
	2019	2018
Afskriftir greinast þannig:		
Niðurfærsla óefnislegra eigna sbr. skýringu 14	75.956.404	31.484.538
Afskriftir rekstrarfjármuna sbr. skýringu 15	492.801	669.372
Afskriftir í rekstarreikningi	76.449.205	32.153.910

16. Eignarhlutur í öðrum félögum

Í árslok á félagið 100% eignarhlut í Klappir International Ltd. í Bretland en félagið seldi eignarhlut sinn í Klappir Lithuania UAB í Litháen áhrif sölunnar nema 27,0 millj. kr. og eru gjaldfærð í samstæðunni. Á undirritunardegi ársreiknings Klappa grænna lausna hf. liggja ekki fyrir ársreikningar þessara félaga en áhrif af rekstri ársins 2019 og efnahag í árslok 2019 yrðu óveruleg.

Skýringar, frh.:

17. Skatteign

Skatteign félagsins samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Fært inn með samruna	21.320.520	0
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	0	0
Skatteign 31.12	<u>21.320.520</u>	<u>0</u>

Skatteign skiptist þannig:

Óefnislegar eignir	5.128.289	3.290.883
Aðrir liðir	945.232	(80.000)
Yfirfæranalegt skattalegt tap	119.626.812	64.820.231
Skatteign samtals	<u>125.700.333</u>	<u>68.031.114</u>
Niðurfærsla vegna óvissu um nýtingu á yfirfæranalegu tapi	(104.379.813)	(68.031.114)
Skatteign samtals skv. efnahagsreikningi	<u>21.320.520</u>	<u>0</u>

Í lok árs 2019 nam yfirfæranalegt tap samstæðunnar 598,1 millj.kr. Yfirfæranalegt skattalegt tap er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá því að það fellur til. Skattalegt tap félagsins greinst þannig í árslok 2019:

	Samstæða
Yfirfæranalegt skattalegt tap ársins 2010, nýtanlegt til ársins 2020	29.261.701
Yfirfæranalegt skattalegt tap ársins 2011, nýtanlegt til ársins 2021	10.830.034
Yfirfæranalegt skattalegt tap ársins 2012, nýtanlegt til ársins 2022	10.488.983
Yfirfæranalegt skattalegt tap ársins 2013, nýtanlegt til ársins 2023	12.735.553
Yfirfæranalegt skattalegt tap ársins 2014, nýtanlegt til ársins 2024	55.108.662
Yfirfæranalegt skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársins 2025	80.817.277
Yfirfæranalegt skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársins 2026	83.025.148
Yfirfæranalegt skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársins 2027	108.085.741
Yfirfæranalegt skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársins 2028	41.992.271
Yfirfæranalegt skattalegt tap ársins 2019, nýtanlegt til ársins 2029	165.788.671
Samtals	<u>598.134.041</u>

18. Aðrar skammtímafröfur

Aðrar skammtímafröfur greinast þannig:

	31.12.2019	31.12.2018
Skattviltun Rannís	66.340.216	46.717.521
Aðrar skammtímafröfur	3.628.194	2.455.129
Aðrar skammtímafröfur samtals	<u>69.968.410</u>	<u>49.172.650</u>

Áætluð endurgreiðsla að fjárhæð 66,4 millj. kr. vegna skattviltunar Rannís sem tilheyrir árinu 2019 verður greidd við álagningu félagsins í október 2020.

19. Eigið fé

Hlutfé félagsins í árslok er 134,0 millj. kr. að nafnverði.

Hlutir félagsins skiptast í A og B hluti. Í A hlutflokkum eru útgefnir 50,0 millj. hlutir, hver hlutur í A flokki er að fjárhæð ein króna að nafnverði og eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutfjár. Í B hlutflokkum eru útgefnir 84,0 millj. hlutir, hlutir í B flokki hafa ekki atkvæðisrétt en að öðru leyti eru hafa flokkarnir sömu réttindi.

Skýringar, frh.:

20. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Bundið eigið fé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019	116.500.000	228.567.473	55.673.226	(149.722.933)	251.017.766
Fært inn við samruna	7.891.378	48.744.648	61.734.644		118.370.670
Innborgað hlutfé	9.635.283	128.138.634			137.773.917
Þróunarkostnaður			(15.486.756)	15.486.756	0
Tap ársins				(149.663.374)	(149.663.374)
Eigið fé 31.12.2019	134.026.661	405.450.755	101.921.114	(283.899.551)	357.498.979

Á hluthafafundi félagsins þann 22. nóvember 2016, var samþykkt heimild til stjórnar um að hækka hlutfé félagsins vegna útgáfu kaupréttar til starfsmanna félagsins. Samkvæmt samþykktinni var hækkunin að fjárhæð allt að 240.000 kr. og í B-flokki hlutabréfa. Með útgáfu jöfnunarhlutabréfa hækkaði þessi heimild í 6.000.000 kr. Á stjórnarfundi þann 23. nóvember 2016, var kaupréttaráætlun fyrir félagið samþykkt af stjórn félagsins.

Þann 2. desember 2016 var ríkisskattstjóra sent erindi með beiðni um staðfestingu á kaupréttaráætlun félagsins, í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 7. apríl 2017 var kaupréttaráætlun félagsins staðfest.

Félagið hefur í lok ársins gefið út kaupréttarsamninga til starfsmanna að nafnverði 2.104.616 kr. Samkvæmt samningum þá ávinnst kauprétturinn í jöfnum hlutföllum á 4 árum. Samningur fellur úr gildi átta árum frá útgáfudegi. Um kaupréttaráætlun og kaupréttarsamninga félagsins gilda almennar reglur um slíka samninga sem fást viðurkenndir af Ríkisskattstjóra, meðal annars að samningar bjóðast öllum starfsmönnum og hámark innlausnar er 600.000 kr. á ári.

Samkvæmt lögum nr. 73/2016 um ársreikninga ber félögum að færa þá fjárhæð sem nemur eignfærðum þróunarkostnaði á bundinn reikning á meðal eigin fjár.

21. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	2019	2018
Óverðtryggt lán í íslenskum krónum, vextir 7,4%	0	15.000.000
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	0	15.000.000
Næsta árs afborganir	0	0
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	0	15.000.000

Langtímalán félagsins var greitt upp á árinu 2019.

22. Tengdir aðilar

Stjórnarmenn, hluthafar, dótturfélög, félög í meirihlutaeigu hluthafa og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins. Langtímaskuldir og skammtímakröfur móðurfélagins við tengda aðila sundurliðast þannig í lok ársins:

	Kröfur	Skuldir
Klappir ehf. (tengdur aðili eins hluthafa)	0	65.000.000
Aðrir tengdir aðilar	0	1.859.661
	0	1.859.661

Langtímalán félagsins við tengdan aðila mun allt koma til greiðslu með einni afborgun á árinu 2021.

Á meðal vaxtagjalda eru gjaldfærðar 5,6 millj. kr. á árinu 2019 (2018: 4,3 millj.kr.) til tengdra aðila sömuleiðis nam gjaldfærð þjónusta til tengdra aðila á árinu 2019 aðila 5,4 millj. kr. (2018: 5,4 millj. kr.).

23. Önnur mál

Á árunum 2017 -2019 vann samstæðan að þróun á hugbúnaði. Stærsti hluti verkefnisins, sem samanstandur að mestu leyti af launakostnaði, hefur verið gjaldfærður í rekstrareikningi. Samstæðan fékk á árinu 2019 staðfestingu frá Rannís þess efnis að þróunarverkefnið hafi verið samþykkt á grundvelli laga nr. 152/2009. Með staðfestingunni öðlaðist félagið rétt á sérstakri endurgreiðslu byggt á beinum kostnaði við verkefnið. Samstæðan mun sækja um endurgreiðsluna í tengslum við skattskil félagsins vegna ársins 2019. Áætluð endurgreiðsla kostnaðar vegna verkefnanna á árinu 2019 nemur 66,3 millj. kr. og hefur 51,1 millj. kr. verið tekjufærð meðal annarra tekna í rekstarreikning, 5,2 millj. kr. verið færðar til lækkunar á eignfærðumhugbúnaði. Samtals hafa 66,3 millj.kr. verið færðar til eignar meðal annarra skammtímakrafna í efnahagsreikningi 31. desember 2019 vegna þessa.

24. Dótturfélög

	Eignarhluti	Afkoma tímabilsins	Eigið fé
Datadrive ehf., Reykjavík	100,0%	(6.539.046)	1.071.311
Heilsumat ehf., Reykjavík	100,0%	(13.496.086)	(7.627.075)
Klappir International Ltd., Bretland	100,0%	(632.100)	(1.437.012)

Skýringar, frh.:

25. Samruni

Klappir Grænar Lausnir hf. sameinaðist Stika ehf. miðað við 1. janúar 2019. Samkomulag um samrunann var gert í maí 2019 og samrunaáætlun samþykkt en formleg staðfesting hefur ekki verið lokið. Áhrif samrunans voru eftirfarandi:

	Klappir Grænar Lausnir hf. Móðurfélag 31.12.2018	Stiki ehf. 31.12.2018	Samruna- færslur 1.1.2019	Klappir Grænar Lausnir hf. sameinað 1.1.2019
Eignir				
Óefnislegar eignir	213.422.358	69.993.597	45.411.388	328.827.343
Rekstrarfjármunir	2.342.801			2.342.801
Reiknuð skatteign		30.402.798	(9.082.278)	21.320.520
Fastafjármunir samtals	<u>215.765.159</u>	<u>100.396.395</u>	<u>36.329.110</u>	<u>352.490.664</u>
Viðskipta- og aðrar skammtímakr.	115.143.568	4.624.657		119.768.225
Kröfur á tengda aðila	7.649.970	0		7.649.970
Handbært fé	4.375.249	0		4.375.249
Veltufjármunir samtals	<u>127.168.787</u>	<u>4.624.657</u>	<u>0</u>	<u>131.793.444</u>
Eignir samtals	<u>342.933.946</u>	<u>105.021.052</u>	<u>36.329.110</u>	<u>484.284.108</u>
Eigið fé				
Hlutfé	116.500.000	13.012.897	(5.121.519)	124.391.378
Yfirverðsreikningur hlutfjár	228.567.475	7.294.019	41.450.629	277.312.123
Bundið eigið fé	55.673.226	61.734.644		117.407.870
Óráðstafað eigið fé	(149.722.935)	0		(149.722.935)
Eigið fé samtals	<u>251.017.766</u>	<u>82.041.560</u>	<u>36.329.110</u>	<u>369.388.436</u>
Skuldir og skuldbindingar				
Skuldir við lánastofnanir	15.000.000			15.000.000
Skuldir við tengda aðila	50.000.000			50.000.000
	<u>65.000.000</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>65.000.000</u>
Skuldir við lánastofnanir	0	3.708.031		3.708.031
Skuldir við tengda aðila	0	8.129.333		8.129.333
Viðskipta- og aðrar skammtímask.	26.916.180	11.142.128		38.058.308
Skammtímask. samtals	<u>26.916.180</u>	<u>22.979.492</u>	<u>0</u>	<u>49.895.672</u>